

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

Lög um byggingu nokkurra raforkuveitna, undirskrifuð af forsetanum 3. marz 1945, nr. 52.

Lög um breytingar á lögum um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, nr. 69 31. des. 1937, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 53.

Lög um heimild fyrir rikissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 54.

Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 55.

Lög um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslensum skipum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 56.

Lög um gjald af söluverði fisks erlendis, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 57.

Lög um breyting á lögum nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 58.

Bréf menntamálaráðuneytisins til skólameistarans á Akureyri, um breyting á fyrirmælum í bréfi 1. okt. 1930, um stjórn og aga í skólum landsins. 19
26. febr.

Hinn 1. okt. 1930 ritaði ráðuneytið yður, herra skólameistari, svo hljóðandi bréf:

„Að gefnu tilefni er þetta tekið fram viðvikjandi tveim atriðum um stjórn og aga í skólum landsins:

Nemendur mega eigi hafa nokkur afskipti af stjórnámálum út á við, hvorki í ræðu né riti, né taka þátt í deilum um hagsmunabaráttu félaga eða stétta í landinu meðan þeir eru nemendur í skólanum.

Nemendur mega aldrei ölváðir vera og eigi má á þeim sjást að þeir hafi áfengis neytt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar missi allra hlunninda, endurtekið brot burtvisun úr skóla, annað hvort um skeið eða að fullu og öllu.

Og þannig getur fyrsta broti gegn þessu fyrirmæli verið svo háttáð, t. d. ef það skerðir virðingu skólans, að visa beri nemanda úr skóla þegar í stað.“

Þau fyrirmæli framangreinds bréfs, er varða afskipti nemenda af stjórnámálum og þátttöku í deilum um hagsmunabaráttu félaga eða stétta í landinu, eru hér með úr gildi felld.

Þetta tilkynnist yður, herra skólameistari, hér með.